

FUNDARGERÐ

404. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 6. mars 2018 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Finnur Birgisson, Reynir Vilhjálmsson, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Sjöfn Ingólfsdóttir, Anna Þrúður Þorkeldsdóttir, Kári Jónasson og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi: Erna Indriðadóttir og Guðrún Árnadóttir

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

1. Verkaskipting stjórnar

EBS setti fundinn og bauð menn velkomna og þakkaði fyrir aðalfundinn. Lagði hann til eftirfarandi skiptingu stjórnar sem var samþykkt; Erna varaformaður, Sigríður gjaldkeri og Guðrún ritari. Sú hefð hefur skapast að varamenn eru boðaðir á stjórnarfundi og svo mun verða áfram. Gæta þarf að röðun varamanna ef til atkvæðagreiðslu og undirskriftar kemur á stj.fundum, en þeirra röð er eftirfarandi: 1. Sjöfn, 2. Anna Þrúður, 3. Kári

2. Verkefni stjórnar

Formaður fór yfir verkefni stjórnar sem eru fastbundin í lögum félagsins sjá lið 2
Forgangsverkefni nú að fá fram svör um tillögu að stofnun hóps um mál þeirra sem „fátækastir eru“ – útrýma fátækt og afnema skerðingar sem hann vonast til (veit) að sé á dagskrá fundar ríkisstjórnarinnar í dag sbr. félags- og jafnréttismálaráðherra Starfshópur um kjör aldraðra
Hvað viljum við? Nokkuð rætt um leiðir að ákveðnu markmiði og hvert á markmiðið að vera? Þurfum að fá það fram í okkar hópi.

3. Fundartími stjórnar

Samþykkt að fastir fundartímar verði fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði kl. 9.30 að Stangarhyl 4.

4. Önnur mál

Samningur við Hringbraut sjónvarpsstöð sem samþykktur var á síðasta fundi
Haft hefur verið samband við flesta þá sem kallaðir verða í þættina og hafa allir tekið vel í með þátttöku. En þættirnir hefja göngu sína á Hringbraut þann 3. apríl n.k. og verða sýndir vikulega fram til loka maí.

Aukalandsfundur LEB 24. apríl – þar sem fjallað verður um lagabreytingar og tillögur þar um. Sömu þingfulltrúar og sátu landsfundinn síðasta vor. Nánar boðað síðar.

Fundur í Ráðhúsinu 12. maí kl. 10.30. Framkvæmdastjóri hefur náð fram gjaldfríum sal og sett sig í samband við stjórnmalaflokkana með væntanlega þátttöku í huga.
Hugsanlegt að fleiri komi að fundinum

Fundur með Reykjavíkurborg 5 mars

Umræða um óskir og þarfir þess stóra hóps sem eldri borgarar eru. Niðurstaða að leggja

fram skjal / umsókn um nauðsyn lóða fyrir eldri borgara. Skjal þetta hefur nú verið sent til borgarinnar.

Óskað eftir fundi um starfsemi Gráa hersins á næsta fundi stjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11.00.

Samþykkt;